

1947

Fimmtudaginn 4. nóvember 1993.

Nr. 204/1993. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Björgvin Þór Ríkharðssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Líkamsárás. Húsbrott. Nauðgun. Rán. Fjársvik. Ölvun við akstur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein og Sigurður Lindal prófessor.

Ákærði áfrýjaði máli þessu í heild sinni til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 149. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Af hálfu ákærvalds var málinu áfrýjað með stefnu 19. maí 1993.

Dómkröfur ákærvalds eru þær, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákærum og refsing verði þungd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi. Ákærvaldið krefst staðfestingar á ákvæði héraðsdóms um skaðabætur nema til Y, sem ítrekar upphaflega kröfu sína.

Ákærði krefst sýknu af ákæruliðum I, II og III í ákæru frá 8. janúar 1993. Að öðru leyti krefst hann vægustu refsingar, er lög leyfa. Þá krefst hann þess, að bótakröfum X og Y verði vísað frá dómi, en lækkaðar að öðrum kosti.

Ákæra 10. september 1992. Líkamsárás.

Ákærði krefst ekki sýknu af þessari ákæru, en gengst þó ekki við sakargiftum að öllu leyti.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að sannað sé, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í ákæruskjali og varðar við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Atlaga ákærða að X var háskaleg, og hafa afleiðingar hennar reynst konunni þungar í skauti. Þykir rétt að staðfesta ákvörðun héraðsdóms um skaðabætur til handa henni, 500.000 krónur.

Ákæra 8. janúar 1993.

I. Húsbrot, nauðgun og þjófnaður.

Ákærði krefst sýknu af þessum ákærulið.

Eins og frá er sagt í héraðsdómi, fór fram sérstök samanburðar-rannsókn í Bretlandi á blóðsýni úr ákærða og sæði, sem fannst á árásarstað. Hún benti til þess með líkum í hlutfallinu 1 á móti 300.000, að sæðið væri komið frá ákærða. Þessi niðurstaða ásamt öðru því, sem í héraðsdómi greinir, þykir veita fulla sönnun um, að ákærði hafi þröngvað Y til holdlegs samræðis og annarra kynferðismaka. Hann hefur því gerst sekur um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992. Með því að ryðjast heimildarlaust inn í hús konunnar hefur hann jafnframt gerst brotlegur við 231. gr. laganna, en ekki verður fullyrt, að ásetningur til nauðgunar hafi vaknað fyrr en eftir, að ákærði hafði framið húsbrot.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sýknu ákærða af ákæru um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga.

Árás ákærða á Y og heimili hennar var fádæma-svívirðileg og auðmýkjandi og afleiðingar hennar þungbærar og ófyrirsjáanlegar. Þykir því rétt að staðfesta ákvörðun héraðsdóms um skaðabætur henni til handa, að fjárhæð 1.500.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum frá verknaðardegi. Hefur þá verið tekið tillit til lögfræðiaðstoðar við gerð kröfunnar, þar á meðal virðisaukaskatts.

II. Nauðgun.

Ákærði krefst sýknu af þessum ákærulið.

Ákærði heldur því fram, að Z hafi í öndverðu haft samfarir við sig af fúsum og frjálsum vilja. Hann viðurkennir hins vegar, að í síðari samförum þeirra hafi hann náð að koma getnaðarlim sínum inn í leggöng stúlkunnar, en hún hafi greinilega ekki viljað það og streist nokkuð á móti, en þó ekki kröftuglega. Hann hefur ekki kannast við að hafa beitt ofbeldi, og hafi hann hætt, þegar stúlkan hafi sýnt fram á, að hún vildi þetta engan veginn. Stúlkan lýsti atvikum svo, að um eitt skipti hefði verið að ræða, og hefði hún orðið máttlaus af skelfingu og lítið getað barist á móti. Með hliðsjón af þessu og aðstæðum að öðru leyti, sem grein er gerð fyrir í héraðsdómi, má telja sannað, að ákærði hafi þröngvað stúlkunni

til kynferðismaka umrætt sinn og þannig gerst sekur um brot gegn 194. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

III. Rán.

Ákærði krefst sýknu af þessum ákærulið.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu brots ákærða til 252. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Fjársvik.

Ákærði krefst ekki sýknu af þessum ákærulið.

Staðfest er niðurstaða héraðsdóms um þau ákæruefni, sem hér um ræðir, og hefur ákærði með þeim gerst brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga.

V. Ölvun við akstur.

Ákærði krefst ekki sýknu af þessum ákærulið, og hefur hann brotið gegn 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Hann var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða 18. nóvember 1992. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu ákærvalds, að svo væri litið á, að sú réttindasvipting hefði fallið úr gildi við uppkvaðningu héraðsdóms. Verður við það að miða.

Viðurlög og sakarkostnaður.

Við ákvörðun refsingar verður að líta til þess, að ákærði hefur gerst sekur um óvenju-hrottafengnar og háskalegar líkamsárásir og stórfelld kynferðisbrot og beitt við það hættulegum verkfærum. Hann hefur rofið heimilisgrið og vakið fórnarlömbum sínum ótta um líf þeirra og velferð og í einu tilviki einnig ungra barna brotaþola. Þá ber að taka tillit til rofa á skilyrði reynslulausnar, eins og réttilega er gert í héraðsdómi. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í tólf ár. Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 10. nóvember 1992 kemur refsingu til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað verður ekki raskað. Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 160.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar

1950

hæstaréttarlögmanns, 160.000 krónur. Þá skal ákærði og greiða málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, sem skipaður var verjandi hans fyrir Hæstarétti 21. maí 1993, en lét af þeim starfa að ósk ákærða 30. september sama ár. Þykja þau hæfilega ákveðin 80.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Björgvin Þór Ríkharðsson, skal sæta fangelsi í tólf ár. Gæsluvarðhald ákærða frá 10. nóvember 1992 á að koma refsivist til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaðabætur og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði skal greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 160.000 krónur, málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 160.000 krónur, og málsvarnarlaun fyrri verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 7. maí 1993.

Ár 1993, föstudaginn 7. maí, er í Héraðsdómi Reykjavíkur lagður svohljóðandi dómur á málið nr. S-98/1992: Ákærvaldið gegn Björgvin Þór Ríkharðssyni, sem dómtekið var 31. mars sl.

Málið er í fyrsta lagi höfðað með ákæru, út gefinni 10. september sl., á hendur Björgvin Þór Ríkharðssyni, Miðvangi 41, Hafnarfirði, kt. 150366-402, fyrir líkamsárás með því að hafa að morgni laugardagsins 23. maí sl. að [...] í Reykjavík skorið sokkabuxur utan af X, fæddri 1961, sem þar lá sofandi á heimili sínu, og beitt við það stórum eldhússhníf, og er hún snerist til varnar, ráðist á hana, tekið hana föstu hálstaki og jafnframt haldið harkalega fyrir munn henni og nef og með þessu þrengt svo að öndunarvegi hennar, að henni sortnaði fyrir augum og hlaut húðblæðingar í andliti og marðist á hálsi og við munn og hlaut sár innanvert á efri vör.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Þá er málið í öðru lagi höfðað með ákæru, dagsettri 8. janúar sl., fyrir eftirgreind brot á árinu 1992:

1951

I. Húsbrot, nauðgun og þjófnaður.

Fyrir að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 16. júlí farið í heimildarleysi inn um glugga íbúðarhússins nr. [...] á Akureyri, komið þar að konunni Y, 31 árs að aldri, sofandi í rúmi ásamt fjögurra ára barni, og sjö ára dreng, sofandi í öðru herbergi íbúðarinnar, afklæðst og farið í peysu, sem hann fann á staðnum, sveipað slæðu um höfuð sér, tekið búrhnif, vakið konuna, ógnað henni með hnífnum og með því sífelld að hóta henni lífláti og því, að annar maður, sem ákærði sagði staddan í íbúðinni, dræpi börn hennar, léti hún ekki að vilja sínum, hrakið hana inn í þvottaherbergi íbúðarinnar, þar sem hann síðan þröngvaði henni til holdlegs samræðis og jafnframt að taka lim hans í munn sér og loks orðið sáðfall í munn henni. Ákærði batt konuna á höndum og fótum, eftir að hann hafði komið fram vilja sínum, og stal seðlaveski hennar, áður en hann hélt brott af vettvangi.

Telst þetta varða við 194. gr., 231. gr. og 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

II. Nauðgun.

Aðfaranótt sunnudagsins 6. september þröngvað konunni Z, 20 ára að aldri, tvisvar til holdlegs samræðis á dvalarstað sínum að Miðvangi 41 í Hafnarfirði.

Telst þetta varða við 194. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 2. gr. laga nr. 40/1992.

III. Rán.

Fyrir að hafa að morgni mánudagsins 9. nóvember í Sólbaðsstofunni, Laugavegi 99, Reykjavík, ráðist á Ragnheiði Guðjónsdóttur, starfsstúlku sólbaðsstofunnar, kt. 220357-2289, með hníf að vopni, tekið fyrir vit henni, dregið hana afsíðis og fengið hana með ógnunum og líflátshótunum til að opna fyrir sig afgreiðslukassa sólbaðsstofunnar. Tók ákærði um 25.000 kr. í reiðufé, 27.290 kr. í tékkum og 86.330 kr. í greiðslukortanótum úr kassanum og seðlaveski með um 2.000 kr. í afgreiðslu stofunnar, sem hann hafði á brott með sér og sló eign sinni á.

Telst þetta varða við 252. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Fjársvik.

1. Fyrir að hafa í nóvember selt í versluninni Strákum, Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði, tékka, að fjárhæð 17.600 kr., dagsettan 9. 11. 1992, sem hann gaf út í eigin nafni á eyðublað nr. 9438540 úr stolnu tékkhefti frá Íslandsbanka hf., Gullinbrú, án þess að eiga innstæðu fyrir andvirði tékkans.

2. Hinn 29. júlí tekið á leigu bifreið hjá bílaleigunni Greiða hf., Dalshrauni 9, Hafnarfirði, og ekið henni 1395 km á 6 dögum án þess að geta greitt leigugjaldið, sem nam 80.695 kr.

3. Hinn 30. október blekkt Björn Hallgrím Gíslason, kt. 171139-4069, til að greiða sér 60.000 kr. sem fyrirframgreitt leigugjald fyrir tveggja herbergja íbúð í húsinu nr. 11 við Miðvang í Hafnarfirði, sem ákærði hafði engan umráðarétt yfir, og haft peningana til eigin nota.

4. Í byrjun nóvember tekið á leigu herbergi á Hótel Reykjavík, Rauðararstíg 37, Reykjavík, og neytt þar veitinga, en horfið af hótelinu án þess að greiða hótélreikninginn, sem nam 26.420 kr.

Telst háttsemi ákærða samkvæmt ákærulið IV varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

V. Ölvun við akstur.

Ákærða er gefið að sök að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 13. október ekið bifreiðinni IA-292 undir áhrifum áfengis frá Kópavogi til Hafnarfjarðar, en lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á Reykjavíkurvegi.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 102. gr. umferðarlaga.

Í málinu krefja eftirgreindir aðilar ákærða um bætur:

X, miskabætur, að fjárhæð 500.000 kr. án vaxta.

Ólafur Als, kt. 200260-2449, 10.000 kr.

Gunnar Breiðfjörð vegna verslunarinnar Stráka hf., 17.600 kr.

Sveinn Georgsson vegna bílaleigunnar Greiða hf., 22.400 kr.

Björn Hallgrímur Gíslason, 60.000 kr.

Bjarni Ásgeirsson, kt. 030755-3169, 26.420 kr. auk vaxta, og Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. vegna Y 3.000.000 kr. í skaða- og miskabætur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 16. júlí 1992 til greiðsludags auk lögmanspóknunar.

Málavextir.

A.

I.

— — —
Fullsannað er með játningu ákærða og vætti X, sem hvort tveggja er í samræmi við önnur gögn málsins, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem réttilega er lýst í ákæruskjali. Hvort X var sofandi, þegar aförin hófst, þykir ekki skipta máli í því sambandi. Varðar brot ákærða

við þau ákvæði, sem greind eru í ákæru, og telst hann þannig hafa framið brot þau, sem honum eru gefin að sök.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, þykir verða að leggja til grundvallar, að það, sem ákærða gekk til árásarinnar, hafi verið að komast yfir stúlkuna með ofbeldi, sbr. 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, en eins og ákæru er háttað, koma þau ákvæði ekki til álita í málinu. Litlu hefur mátt muna, að hún hlyti heilaskaða eða dauða af völdum ákærða. Stúlkun hefur ekki enn náð sér fullkomlega og hefur liðið verulegar andlegar þjáningar. Möguleikar hennar til að lifa hamingjusömu lífi hafa verulega spillst. Framkoma ákærða við stúlkuna eftir verknaðinn er ekki fallin til að milda refsingu hans. Samkvæmt 264. gr. laga 19/1940 þykir bera að fallast á bótakröfu X, enda virðist fjárhæð hennar hófleg miðað við þær píslir, sem hún varð að þola, meðan á aðförinni stóð, og eftirfarandi þjáningar og röskun á stöðu og högum.

— — —

B.

I.

— — —

Samkvæmt því, sem rakið er hér að framan, er óyggjandi sönnun fyrir því, að ákærði hefur brotist inn í húsið að [...] og nauðgað þar Y.

Að því er varðar þjófnað á sedlaveski, hefur ekkert komið fram í málinu annað en skýrsla konunnar um hvarf veskisins, og þykir þá verða að sýkna af þessu ákæruatriði vegna sönnunarskorts.

Framkoma ákærða gagnvart konunni var með eindæmum fólkskuleg og auðmýkjandi fyrir hana og fallin til að vekja henni mikinn ótta um líf og heilsu sína og barna sinna.

Fallast ber á bótakröfu Y með 1.500.000 kr. auk dráttarvaxta. Er þá tekið mið af þeim píslum og auðmýkingu, sem konan varð að þola, meðan á aðförinni stóð, röskun á stöðu og högum og þjáningum hennar síðan og kostnaði af að halda fram kröfunni, sbr. 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991. Gert er ráð fyrir virðisaukaskatti af lögmansþóknun.

— — —

II.

Z hefur verið staðföst í frásögn sinni, og er frásögnin studd trúverðugu vætti þeirra A og B og vottorði Auðólfs Gunnarssonar lækni. Þá þykir skýrsla C, einkum um atferli stúlkunnar og orðaskipti þeirra ákærða í Miðvangi 41, styrkja frásögn hennar. Er ekkert í málinu annað en neitun ákærða, sem ekki samrýmist skýrslu stúlkunnar. Þykir verða að leggja hana til grundvallar í málinu og telja sannað, að ákærði hafi þröngvað stúlkunni

1954

til holdlegs samræðis í endaparm. Verður að telja ósannað, að hann hafi gert þetta nema í eitt skipti. Varðar þetta athæfi hans við 194. gr. almennra hegningarlaga, sbr. nú 2. gr. laga nr. 40/1992.

III.

Mánudaginn 9. nóvember sl. kl. 9.00 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að rán hefði verið framið í Sólbaðsstofunni við Laugaveg 99 hér í borg. Fóru lögreglumenn á staðinn og höfðu þar tal af Ragnheiði B. Guðjónsdóttur, starfsstúlku á sólbaðsstofunni, sem kvað mann hafa þá skömmu áður yfirgefið stofuna og haft á brott með sér peningaveski hennar og peninga og ávisanir úr peningakassa. Lýsti hún manninum svo, að hann hefði verið um þrítugt, u. þ. b. 180 cm á hæð, með dökkbrún augu, sítt ljóst hár, klæddur gallabuxum, ljósbrúnum rúskinnsjakka og svörtum kúrekastígvélum með silfurlituduðum skrautspennum. Eigandi sólbaðsstofunnar kvað 21.500-26.500 krónur hafa horfið úr peningakassanum í peningum og 23.000-27.000 krónur í tékkum svo og um 90.000 kr. í greiðslukortanótum.

Ragnheiður hefur skýrt svo frá, að maðurinn hafi fengið að nota síma og beðið um einn tíma í ljósum, sem hann ætlaði að greiða eftir á. Hún hafi vísað honum á ljósabekk á neðri hæð hússins. Þegar ljósatíminn var liðinn, hafi hún farið niður til að þrifa bekkinn. Hún hafi heyrt vatnsrennsli í sturtunni og talið, að maðurinn væri þar. Þegar hún var á leið upp aftur, hafi maðurinn stokkið nakinn að henni út úr einum klefanum. Hann hafi tekið fyrir vit henni með annarri hendi, en í hinni hafi hann verið með allstóran hníf, sem hann ógnaði henni með. Þannig hafi hann dregið hana inn í klefann, en hún barist um. Hafi hann hótað að drepa hana, ef hún hljóðaði. Henni hafi ekki dottið annað í hug en hann ætlaði að nauðga sér. Hann hafi dregið hana út úr klefanum, eftir ganginum og inn í sturturnar. Þar hafi hann rífið af henni gleraugun og hent þeim í gólfíð. Hún hafi enn barist um og fundist hún vera að kafna, hún hafi verið sannfærð um, að hann ætlaði að nauðga sér, og því veitt mótspyrnu, þar sem hún vildi frekar deyja en láta hann koma fram vilja sínum. Því hafi hún ekki hræðst hnífinn. Þarna í sturtunum hafi hann sagt henni, að hann ætlaði ekki að gera henni mein, heldur vildi fá peninga. Við þetta hafi hún róast, en þar sem hann hafi ekki treyst henni, hafi hann enn haldið fyrir vit henni, svo að hún náði ekki andanum. Þaðan hafi hann dregið hana inn á salerni, og sá hún föt hans þar, falin á bak við hurð. Hann hafi lokað dyrunum og sleppt takinu eftir nokkra stund, eftir að hún hafði lofað að öskra ekki á hjálp. Hann hafi verið fyrir aftan hana, á meðan hann hélt henni í þessu taki, með hnífinn á hálsi henni, svo að hið eina, sem hún gat gert, var að sprikla. Á salerninu hafi hann klæðst, og þar hafi hún fyrst séð framan í hann. Augnaráðið hafi verið tryllingslegt. Á meðan

hafi hann sagt henni, að hann hefði engu að tapa, hann ætti yfir höfði sér marga þunga dóma, lögreglan væri á eftir sér, hann þyrfti að komast yfir peninga og fara úr landi. Þá hafi hann hótað að drepa hana, ef hún gerði lögreglu viðvart. Þegar hann hafði klætt sig, hafi hann ætlað að binda hana með rafmagnssnúru, en hætt við, þegar hún lofaði að öskra ekki. Hann hafi alltaf verið að spyrja, hvort miklir peningar væru í kassanum, en hún svarað því til, að það væru eingöngu peningar frá helginni. Hann hafi farið út af salerninu og lokað, þar sem hún hafði lofað að fara ekki út fyrr en að fimm mínútum liðnum, en fljótlega hafi hann komið niður aftur og spurt, hvernig hann ætti að opna peningakassann. Hún hafi sagt honum það og hann enn haft í hótunum um að drepa hana, ef hún stæði ekki við loforð sitt. Skömmu síðar hafi hún heyrt útidyrnunum lokað og þá farið upp og öskrað á mann, sem var í ljósum í einum klefanna á efri hæðinni, og sagt honum, hvað gerst hafði. Hann hafi leitt hana upp og hún hringt á lögreglu. Hún kveðst hvorki hafa orðið þess vör, að maðurinn væri undir áhrifum áfengis né annarra vímuefna. Hann hafi verið búinn að tæma peningakassann og þar að auki stolið peningaveski hennar með 2.000 krónum og ýmsum skilríkjum. Hún kveðst hafa verið rispuð og þrútin í andliti eftir átökin og aum í hálsi.

Við lögreglurannsókn skoðaði Ragnheiður ljósmyndir af brotamönnum úr myndasafni RLR. Tók hún út mynd af ákærða og kvaðst vera viss um, að þetta væri maðurinn. Staðfesti hún þá skoðun sína við meðferð málsins. Sér hafi hins vegar orðið hverft við, þegar hún sá aftan á manninn á sjónvarpsmyndum við handtöku hans, því að sér hafi ekki fundist hárið vera svo sítt. Hins vegar kvaðst hún þess fullviss, er hún sá ákærða í réttarsalnum, áður en hún gaf skýrslu, að þetta væri maðurinn.

Síðdegis sama dag tilkynnti veitingastjórinn á Hótel Íslandi, að þar væri maður gestkomandi á hótélherbergi, og kæmi lýsing lögreglunnar á þeim, sem lýst var eftir vegna atburðarins á sólbaðsstofunni, heim og saman við útlit mannsins. Hefði maðurinn tekið herbergið á leigu um hádegisbil undir nafninu Aðalsteinn Bjarnason. Er lögreglumenn komu á hótelið, var enginn í herberginu, en farangur, seðlaveski með skilríkjum og föt höfðu verið skilin þar eftir. Maður þessi, sem reyndist vera ákærði, fannst eftir talsverða leit úti á svölum á austurhlið hússins og hafði falið sig þar í skoti. Hann var greinilega í mjög annarlegu ástandi. Tæpum fjórum klukkustundum eftir handtöku var honum tekið blóðsýni til alkóhól- og lyfjarannsóknar á blóði. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar var alkóhól ekki mælanlegt í blóði, en hins vegar mældust í því 110 ng/ml amfetamíns, sem samkvæmt áliti Þorkels Jóhannessonar, prófessors í lyfjafræði við Háskóla Íslands, svarar u. þ. b. til þess magns, sem mest megi búast við eftir einn einstakan læknanlegan skammt af amfetamíni.

Við frekari leit lögreglu í hótélherberginu fannst undir náttborði seðlaveski Ragnheiðar B. Guðjónsdóttur með skilríkjum hennar. Þá fundust þar einnig 17 útfylltir tékkar, stílaðir á handhafa, á eyðublöð frá ýmsum bönkum, framseldir með stimpli sólbaðsstofunnar, samtals 27.290 kr., og 37 greiðslunótur á sólbaðsstofuna, samtals 86.330 kr. Við handtöku ákærða fundust á honum 15.600 krónur.

Sigurður Lennart Sævarsson, starfsmaður á Hótel Höfða, gaf sig fram við lögreglu að morgni næsta dags. Hefur hann sagt, að hann hafi séð í sjónvarpi, þegar maður var handtekinn á Hótel Íslandi, og borið á hann kennsl. Hann hafi verið á vakt á hótelinu aðfaranótt mánudags, og upp úr miðnætti hafi maður þessi komið í afgreiðsluna til sín og beðið um að fá lánaðan hníf til að skera með „pizzu“. Hann hafi orðið við þessari bón mannsins og léð honum venjulegan hníf með svörtu skafti. Maðurinn hafi ekki skilað hnífnum, á meðan vitnið var á vaktinni. Þessi maður hafi komið á Hótel Höfða aðfaranótt sunnudags, greitt fyrir eina nótt undir nafninu Björgvin Ríkhartsson og fengið loforð um að gista aðra nótt gegn því að greiða daginn eftir. Við lögreglurannsókn skoðaði Sigurður ljósmyndir af brotamönnum úr myndasafni RLR. Tók hann út mynd af ákærða og kvaðst bera kennsl á hann sem umræddan mann. Staðfesti hann þá skoðun við meðferð málsins. Þá kvað hann hníf þann, sem árásarmaðurinn skildi eftir á sólbaðsstofunni, vera sams konar og þann, sem hann lánaði mannum. Þá sagði hann, að á mánudagsmorgun hefði lögregla verið kvöð að Hótel Höfða, þar sem hótelinu hefðu borist þær upplýsingar, að maðurinn hefði farið frá öðru hóteli án þess að greiða gistinguna. Við rannsókn málsins kom fram, að ákærði hafði gist á Hótel Reykjavík dagana 2.-7. nóvember og horfið þaðan án þess að borga.

Ákærði hefur borið við minnisleysi um atburðinn. Kvaðst hann hafa verið í mikilli óreglu undanfarna tólf mánuði, nánast samfelld allan þann tíma. Mundi hann eftir að hafa tekið á leigu herbergi á Hótel Reykjavík laugardaginn fyrir atburðinn á sólbaðsstofunni. Þar hafi hann ekki treyst sér út úr húsi vegna langvarandi neyslu vímuefna. Hann hafi ekki treyst sér til að nota amfetamín, en reykt mikið hass þetta kvöld. Hið eina, sem hafi komist að hjá sér, hafi verið að reyna að útvega peninga með einhverju móti. Hugsun sín hafi verið sú að komast út á land, þar sem hann hafði fengið kvaðningu um að koma fyrir dóm næsta mánudag. Hann minntist þess hins vegar ekki að hafa komið á Hótel Höfða og ekki heldur að hafa keypt sér „pizzu“ eða fengið að láni hníf. Hann kvaðst þekkja til á sólbaðsstofunni, en hann hefði verið þar fastur viðskiptavinur fyrir tveimur til þremur árum. Hann minntist ekki að hafa komið þar í þetta sinn, og þegar gögn um málið voru borin undir hann, kvað hann þau ekkert rifja upp fyrir sér.

Samkvæmt vottorði Guðna Arinbjarnarsonar, lækni á slysa- og bæklunardeild Borgarspítalans, sem skoðaði Ragnheiði þennan sama morgun, var hún við skoðun aum í hálsi, með fleiðursár neðan við vinstra auga og sár á innanverðri vör.

Ragnheiður gaf greinargóða lýsingu á manni þeim, sem réðst á hana á sólbaðsstofunni, og kemur sú lýsing heim og saman við ákærða. Þá lýsti hún nákvæmlega kúrekastígvélum, sem hún kvað manninn hafa verið í. Kemur sú lýsing einnig heim og saman við stígvél, sem ákærði á, sbr. I. kafla ákæru. Sigurður Lennart Sævarsson hefur borið, að hann hafi lánað manni, sem hann síðar bar kennsl á sem ákærða, hnif sams konar þeim og Ragnheiður lýsti, að árásarmaðurinn hefði haft, en hnifinn skildi maðurinn eftir á vettvangi. Báru bæði þessi vitni kennsl á ákærða, er þeim voru sýndar ljósmyndir af brotamönnum úr myndasafni RLR. Þá bar Sigurður kennsl á hann, þegar hann sá sjónvarpsútsendingu af handtöku hans, og Ragnheiður bar kennsl á hann, er hún kom auga á hann í réttinum. Þýfið úr sólbaðsstofunni fannst á hótélherbergi því, sem ákærði hafði á leigu, er verknaðurinn var framinn, og var ákærði í felum á hótelinu, er lögreglumenn leituðu hans þar.

Með því, sem hér hefur verið rakið, þykir, þrátt fyrir það að ákærði hafi borið við minnisleysi um atburðinn, fyllilega sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir í þessum kafla ákæru, og varðar háttsemi hans við 252. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

1. Hinn 5. nóvember sl. var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um, að tékkhefti með nokkrum eyðublöðum á reikning nr. 40 í Íslandsbanka við Gullinbrú hefði verið stolið. Tékkhefti þetta fannst þremur dögum síðar í bíla-leigubíl, sem tekinn var á leigu í nafni ákærða. Tékki sá, sem greinir í 1. tl. IV. kafla ákæru og þar er rétt lýst að allri gerð, er úr þessu hefti. Ákærði hefur borið, að sökum langvarandi fíkniefnaneyslu á þessum tíma muni hann ekki eftir að hafa selt þennan tékka í umræddri verslun, en hann hefur hins vegar kannast við nafnritun sína undir hann. Þá kveðst hann minnast þess, að hann hafi haft þennan bíl á leigu og að hann hafi verið með í fórum sínum þennan dag tékkhefti, sem hann átti ekkert í, og gefið út og selt tvo tékka úr þessu hefti á veitingastofunni Tveim vinum og veitingahúsinu Blásteini.

Með því, sem rakið hefur verið, og framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir í þessum lið ákæru, og varðar háttsemi hans við 248. gr. almennra hegningarlaga.

2.-4. Með skýlausri játningu ákærða er sannað, að hann hefur gerst sekur

um þá háttsemi, sem hann er ákærður fyrir í þessum liðum síðari ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Bóta hefur verið krafist úr hendi ákærða vegna þessara ákæruatriða. Hefur ákærði samþykkt þær, og ber að dæma hann til þess að greiða þær sem hér segir:

— — —

V.

Með skýlausri játningu ákærða og niðurstöðu alkóhólrannsóknar er sannað, að hann hefur gerst sekur um það brot, sem honum er að sök gefið í þessum kafla ákæru og þar er réttilega heimfært til refsíákvæða.

Viðurlög.

Ákærði ólst upp í Reykjavík til sex ára aldurs. Þá fluttist fjölskyldan til Seyðisfjarðar, en kom aftur til Reykjavíkur 1978, og hér hefur hann átt heima síðan. Foreldrar hans eru skilin, og hann hefur ekkert samband við móður sína, var í sveit á sumrum í Þykkvabæ til sextán ára aldurs, lauk grunnskólanámi í fangelsi, hefur stundað vinnu óreglulega, búið með fjórum eða fimm stúlkum, en sambúð aldrei enst lengi. Hann varð fyrst ölvaður þrettán ára, en áfengisneyslan þróaðist upp í helgardrykkju og síðan í túrafylliri um tvítugsaldur, hefur jafnframt notað mikið kannabis og amfetamín. Að mati geðlæknis er ákærði hvorki geðveikur né greindarskertur, en haldinn persónuleikatrufnunum, áfengis- og efnafíkn. Hann hefur margoft farið í meðferð við þessum vandamálum, var til meðferðar á barnageðdeild 1980 til 1984, vistaðist þar um tíma 1985, hefur oftast en einu sinni reynt að svipta sig lífi. Hann virðist ekki vera taugaveiklaður og hefur eðlilega dómgreind allsgáður. Hann kveðst hafa byrjað að hnupla sem barn, brotist fyrst inn tólf ára gamall, telur sig hafa orðið að þola mikið ofbeldi í bernsku og segist fljótt hafa farið að sýna öðrum ofbeldi sjálfur, sambýliskonur sínar þurft að leita á slysavardstofu og í kvennaathvarf undan sér.

Ákærði hefur frá 1987 verið dæmdur ellefu sinnum fyrir þjófnað, fjársvik og skjalafals, ýmist fyrir eitt af þessu eða fleira í hvert sinn. Í júlí 1991 hlaut hann reynslulausn af 255 fangelsisdögum. Hann hefur nú rofið skilyrði reynslulausnarinnar. Ber þá samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 42. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 60. gr. sömu laga og 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma upp reynslulausnina. Þykir refsing ákærða þannig hæfilega ákveðin fangelsi í tíu ár. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist ákærða, samtals 178 daga.

Ákærði var sviptur ökuréttindum til bráðabirgða 4. nóvember 1992. Ekki eru efni til þess að gera honum frekari sviptingu ökuleyfis.

1959

Loks ber að dæma ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 160.000 krónur, og málsvarnarlaun verjanda sínum, Arnari Clausen hrl., 400.000 krónur.

Dóm þennan kváðu upp héraðsdómararnir Steingrímur Gautur Kristjánsson, formaður dómsins, Ingibjörg Benediktsdóttir og Pétur Guðgeirsson. Dómsuppsaga hefur dregist vegna umfangs málsins og mikilla starfsanna dómaranna.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Björgvin Þór Ríkhartsson, sæti fangelsi í tíu ár. Frá refsingunni dregst gæsluvarðhald ákærða, 178 dagar.

Ákærða er ekki gerð frekari svipting ökuleyfis.

Ákærði greiði skaðabætur sem hér segir:

X 500.000 krónur,

Versluninni Strákum hf. 17.600 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 5. nóvember 1992 til greiðsludags,

Ólafi Als, kt. 200260-244, 10.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 9. nóvember 1992 til greiðsludags,

Bílaleigunni Greiða hf. 22.400 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 4. ágúst 1992 til greiðsludags,

Birni Hallgrími Gíslasyni, kt. 171139-406, 60.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 30. október 1992 til greiðsludags,

Bjarna Ásgeirssyni, kt. 030755-316, f. h. Hótel Reykjavíkur 26.420 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 6. nóvember 1992 og

Y 1.500.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 16. júlí 1992 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 160.000 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun verjanda sínum Arnari Clausen hæstaréttarlögmanni, 400.000 krónur.
